



Rangárþing ytra

Suðurlandsvegur 1 - 850 Hella - Sími 488-7000 - Kt. 520602-3050
Netfang: ry@ry - Heimasíða: <http://www.ry.is>

Erindisbréf hálendisnefndar

I. Kaffi

Umboð og hlutverk

1. grein

Hálendisnefnd Rangárþings ytra er skipuð af sveitarstjórn Rangárþings ytra og heyrir undir sveitarstjórn. Nefndin fer með mál sem tengjast hálendi innan sveitarfélagsins. Skilgreining á hálendi miðast við byggðarmörk eða að öllu jöfnu við land sem stendur hærra en 200 m yfir sjávarmáli. Nefndin getur þurft að eiga náið samráð við aðrar nefndir sveitarfélagsins þar sem verkefni geta skarast, s.s. skipulagsnefnd, samgöngu- og fjarskiptanefnd, umhverfisnefnd og fjallskilanevndir.

2. grein

Hálendisnefnd er skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn í upphafi kjörtímabils.

3. grein

Hlutverk nefndarinnar eru að veita umsagnir eða gera tillögur um málefni hálendisins. Verkefni nefndarinnar tengjast landnýtingu á hálendinu í víðum skilningi, málefni tengd friðlandi að fjallabaki, umsagnir um leyfismál tengd t.d. akstursíþróttum, kvikmyndagerð, efnistöku ofl, uppbyggingu ferðaþjónustu á hálendinu, málum tengdum virkjunum og afréttum (þ.m.t. Holtamannaafrétti) og almannavörnum. Einnig mál sem lúta að aðgengi að náttúruperlum á hálendinu, merkingum, göngustígum og slóðum auk aðkomu að vinnu varðandi kortagerð o.þ.h. Sveitarstjórn skal að jafnaði vísa erindum er varða málefni hálendisins til nefndarinnar til úrvinnslu og/eða tillögugerðar.

4. grein

Hálendisnefnd skal árlega skila tillögum til sveitarstjórnar um þau verkefni er varða málefni hálendisins og nefndin telur að vinna beri að. Einnig skal nefndin vinna að tillögu um stefnumörkun fyrir hálendið innan sveitarfélagsins til allt að fjögurra ára í senn. Nefndin skal taka til afgreiðslu eða umfjöllunar önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni.

II. Kaffi

Fundir og starfshættir

5. grein

Formaður undirbýr og boðar fundi nefndarinnar í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa sem starfar með nefndinni. Hann situr fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

6. grein

Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir en þó eigi sjaldnar en árlega . Skyld er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í hálendisnefnd óskar þess.

7. grein

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og sveitarstjóri, sem á seturétt á fundum nefndarinnar, verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Boðað skal til funda með skriflegu fundarboði/tölvupósti og því skal að jafnaði fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar hálendisnefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

8. grein

Fundargerðir hálendisnefndar skulu lagðar fyrir sveitarstjórn Rangárþings ytra til staðfestingar.

9. grein

Hálendisnefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

10. grein

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskrá þær skv. sveitarstjórnarlögum. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir hálendisnefndar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina.

III. Kafli
Gildistaka

11. grein

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 11. nóvember 2015 og tekur þegar gildi.